

Fundargerð

34. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 19. apríl 2013 kl. 13:30 að Borgartúni 12 - 14.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær:

Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Gunnarsson

Seltjarnarnesbær.

Ólafur Egilsson og Ragnildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Ennfremur sat fundinn Haraldur Sigurðsson á skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar, Birgir Sigurðsson skipulagsstjóri Kópavogs og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin lögð fram.

2. Svæðisskipulagsbreyting - vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga.

Drög að breytingartillögum hafa verið kynntar sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Af 16 skilgreindum umsagnaraðilum bárust erindi frá 12 þeirra. Fagrað svæðisskipulagsnefndar hefur yfirfarið athugasemdir og telur að umsagnir gefi ekki ástæðu til að breyta tillögunum. Haldinn var opinn kynningarfundur um breytingartillögurnar þann 18. apríl. Engar athugasemdir voru gerðar við tillögurnar á þeim fundi.

Umræður:

Rætt var um þann fyrirvara á landnotkun á Hólmsheiði sem setur takmörkun á ræktun og þróun útivistar þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin um framtíðarstaðsetningu nýs innanlandsflugvallar. Svæðisskipulagsnefnd er sammála að tímasetja þennan fyrirvara til ársins 2016.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins álitur að tillögur að breytingu á svæðisskipulaginu ásamt umhverfisskýrslu séu tilbúnar í auglýsingu skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. er samþykkt að leita samþykkis sveitarfélaganna við að tillögurnar verði auglýstar.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fulltrúar Mosfellsbæjar lögðu fram eftirfarandi bókun:

"Fulltrúar Mosfellsbæjar ítreka þann fyrirvara sem fram kemur í greinagerð skipulagsins um Álfsnes, afstaða Mosfellsbæjar varðandi breytingar á skipulagi í Álfsnesi liggur ekki fyrir enda er framtíðar uppbygging Sorpu en til umræðu í stjórn SSH."

Júlíusar Vífils Ingvarssonar lagði fram eftirfarandi bókun:

"Fallist er á að leita samþykkis sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir því að auglýsa framlagða tillögu að breytingum á svæðisskipulagi í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Tekið skal fram að í því felst ekki samþykki á tillögunni."

3. Endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins

Hrafnkell kynnti tillögu að nálgun við heildarendurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins.

Umræður:

Fulltrúar Seltjarnarness gerðu grein fyrir viðvarandi áhyggjum Seltjarnarnesbæjar varðandi umferðaræðar gegnum höfuðborgina sem skipta sérstöku máli fyrir bæjarbúa. Las Ólafur Egilsson upp bókun skipulags- og mannvirkjanefndar Seltjarnarness frá 16. apríl sl. svo hljóðandi:

"Skipulags- og mannvirkjanefnd er einróma sammála um svohljóðandi bókun: Mörgum spurningum er enn ósvarað varðandi umhverfi Hringbrautar og hins nýja Landspítala og því frekar eftir að Holtsgöng hafa verið felld út úr áður kynntu svæðisskipulagi þykir okkur freklega að okkur þrengt með þeim áformum sem nú eru uppi í skipulagi Mýrargötu. Erfitt er að sjá hvernig þær samgönguæðar sem hafa mesta þýðingu fyrir íbúa Seltjarnarnes eiga að geta sinnt þeirri umferð sem fyrirsjáanleg er í framtíðinni. Á þetta bæði við venjulegar aðstæður og einnig ef upp kemur ástand sem krefst skjótrar hóprýmingar. Skipulagsnefnd Seltjarnarnesbæjar leggst því eindregið gegn þeim fyriráætlunum sem nú eru uppi um þrengingu umferðar um Mýrar- og Geirsgötu og hvetur skipulagsyfiroöld Reykjavíkurborgar til að koma með raunhæfar lausnir á þeim umferðarvanda sem augljóslega blasir við á þessu svæði."

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins samþykkir að vinna að verkefnislýsingu á þeim grundvelli sem kynntur var á fundinum og að sú verkefnislýsing verði borin upp til samþykktar á næsta fundi nefndarinnar. Svæðisskipulagsnefnd telur að æskilegt sé að verklagið verði kynnt á vettvangi SSH sem fyrst eða áður en nefndin fær verkefnislýsingu til samþykktar.

4. Önnur mál.

a) Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024 - endurkynning á verklýsingu.

Bréf Kópavogsbæjar um endurkynningu á verklýsingu lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:45.